

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 44 31. marz 1969 um breytingu á reglugerð
um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna „Á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september 1969 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi orðin: Á tímabilinu frá 1. apríl til 16. september 1969 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnl. E. Briem.

Nr. 173.

7. júlí 1969.

AUGLÝSING

um umferð í Búðareyrarkauptúni í Reyðarfirði.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð:

Hraðatakmarkanir á Aðalbraut, sem liggur um kauptúnið endilangt verða þessar:

- a. Frá vegamótum við Teigagerði að Bakka verði hámarkshraði 45 km á klukkustund.
- b. Frá Bakka að verkstæðishúsi Vegagerðar ríkisins verður hámarkshraði 35 km á klukkustund.
- c. Frá verkstæðishúsi Vegagerðar ríkisins að Hjallabala verður hámarkshraði 45 km á klukkustund.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 7. júlí 1969.

Valtýr Guðmundsson.